



Húsnæðismál Landlæknisembættis Katrínartúni 2, 6.hæð SKILAGREIN

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir (FSRE)

Útgefið í febrúar 2025

Ljósmyndir: FSRE

Ábyrgðarmaður: Ólafur Danielsson, framkvæmdastjóri framkvæmda

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkbeiðni barst frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, dags. 11. desember 2018, um að FSRE ynni þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir leiguhúsnæði handa embætti landlæknis. Embættið hafði flutt frá Barónsstíg 47 í Skógarhlíð 6 vegna myglu og vorið 2019 flutti embættið í húsnæði í eigu ríkisins á Rauðarárstíg 14, til bráðabirgða. Verkefnisstjóri FSRE var Gíslína Guðmundsdóttir, en Gústaf A. Hermannsson, verkefnisstjóri FSRE hafði eftirlit með framkvæmdum.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Um var að ræða gerð þarfagreiningar og húslýsingar, sem yrði grundvöllur auglýsingar eftir leiguhúsnæði fyrir embættið. Þarfagreiningin var unnin í góðri samvinnu við fulltrúa frá embættinu. Niðurstaða hennar var að embættið þarfnaðist um 1.480 m² skrifstofu- húsnæðis miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni við helstu samstarfsaðila.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Auglýst var eftir leiguhúsnæði til 5 ára, þann 6. apríl 2019. Ellefu tilboð bárust og fulltrúar frá FSRE og Embætti landlæknis yfirfóru og mátu tilboðin. Niðurstaðan var að hagstæðast og hentugast væri að taka tilboði Regins ehf. sem bauð fram húsnæði á 6. hæð í Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Varð það samþykkt af báðum ráðuneytum (HRN og FJR).

4 LEIGUSAMNINGUR

FSRE sá um gerð leigusamnings um húsnæðið. Leitast var við að hafa breytingar á húsnæðinu sem umfangsminnstar, með tilliti til stutts leigutíma. Leigusamningur milli Embættis landlæknis og Regins ehf. var undirritaður þann 3. október 2019.

5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI

Tengiliðir leigutaka við undirbúning og framkvæmd voru Þórgunnur Hjaltadóttir sviðsstjóri rekstrar og þjónustu og Halla Björg Þórhallsdóttir fjármálastjóri, í samráði við landlækni, Ölmú D. Möller. Tengiliðir leigusala voru Birgir Guðmundsson, Páll V. Bjarnason o.fl. frá Regin ehf. Frá FSRE voru Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri á undirbúningsstigi og Gústaf A. Hermannsson við verklega framkvæmd.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Arkitektar leigusala voru Batteríið ehf. undir stjórn Sigurðar Einarssonar, arkitekts FAÍ. Gústaf A. Hermannsson hafði eftirlit með framkvæmdum á staðnum.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Eins og fram hefur komið, var samkomulag milli leigutaka og leigusala að halda framkvæmdum í lágmarki í ljósi stutts leigutíma. Helstu aðgerðir voru að gerðar voru tilfærslur á veggjum o.fl. og húsnæðið

málað. Nýtt tölvurými var afmarkað með tengiskápum. Skjalageymsla var lokuð af með veggjum. Kaffiaðstaða starfsfólks var endurnýjuð og skipulagi matsalar og eldhúss breytt. Vegna fjölgunar vinnustöðva þurfti að breyta tenglum og lögnum á skrifstofum. Eykt ehf. sá um framkvæmdir fyrir hönd Regins og VSB verkfræðistofa annaðist byggingastjórn. Vinna við þessar breytingar hófst 7. október 2019.

8 VERKLOK

Afhending á húsnæðinu var 22. nóvember 2019. Í febrúar 2020 var framkvæmd úttekt og athugasemdalisti sendur á Reginn til lagfæringa. Ekki var um alvarlegar athugasemdir að ræða. Vegna heimsfaraldursins Covid19 og ekki síst vegna álags á skrifstofu Landlæknis var ekki farið í allsherjarúttekt fyrr en í september 2020. Sú úttekt var framkvæmd af GAH og viðstaddir voru fulltrúar Regins og Embættis landlæknis. Engar athugasemdir voru gerðar í úttektinni. Höfðu öll atriði sem komið höfðu upp á síðustu mánuðum verið lagfærð og húsnæðið í góðri virkni.

9 STAÐFESTING SKILAGR.

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd FSRE.

Ólafur Daníelsson,
framkvæmdastjóri framkvæmda